

Tillaga að lagabreytingu á 14.grein laga Umf Stjórnunnar

Lögð fyrir aðalfund Umf Stjórnunnar, fyrir starfsárið 2021 sem haldi en 7.apríl 2022.

Tillaga að lagabreytingu kemur frá: Birgir Kaldal Kristmannsson, meðstjórnanda körfuboltadeildar.

Barst til aðalstjórnar þann 15.apríl 2021.

14. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 15. maí ár hvert. Til aðalfundar skal boðað með minnst ~~viku~~ **tveggja vikna** fyrirvara í almennri auglýsingu í Garðabæ. **Framboð til aðalstjórnar skal tilkynna til aðalstjórnar minnst viku fyrir aðalfund og skulu framboð til aðalstjórnar vera sérstaklega auglýst um leið og framboðsfrestur rennur út.** Aðalfundur telst löglegur, sé löglega til hans boðað. Kosningarétt og kjörgengi á aðalfundi hafa allir skuldlausir félagsmenn er náð hafa 18 ára aldri.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

- 1) Fundur settur.
- 2) Kosinn fundarstjóri og fundarritari.
- 3) Flutt skýrsla aðalstjórnar og einstakra deilda frá síðasta ári.
- 4) Lagðir fram endurskoðaðir reikningar aðalstjórnar og einstakra deilda félagsins, ásamt heildarreikningi fyrir allt félagið.
- 5) Umræða og atkvæðagreiðsla um skýrslu aðalstjórnar, deilda og reikninga.
- 6) Lagabreytingar.
- 7) Kjör aðalstjórnar. · formaður til tveggja ára · stjórnarmenn til tveggja ára · varastjórnarmenn til tveggja ára · endurskoðendur til eins árs · varaendurskoðendur til eins árs Á hverjum aðalfundi skal kjósa tvo stjórnarmenn og einn varamann. Formaður er kosinn annað hvert ár.
- 8) Önnur mál.

Á aðalfundi félagsins ræður meirihluta greiddra atkvæða úrslitum mála. Þó þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða til að breyta lögum félagsins, veita aðalstjórn heimild til að selja eða veðsetja fasteignir þess og til að leggja félagið niður. Slíkar tillögur má einungis bera fram á aðalfundi félagsins, eða almennum fundi sbr. 14. gr., enda hafi þær borist aðalstjórn minnst tveimur vikum fyrir fund. Aðalstjórn skal geta þess í fundarboði að slíkar tillögur hafi komið fram og að menn geti kynnt sér þær í Stjórnheimilinu við Ásgarð á aðgengilegum tíma. Verði tillaga um félagsslit samþykkt á aðalfundi eða almennum félagsfundi skal boða til framhaldsaðalfundar eða nýs félagsfundar eftir minnst tvær vikur en innan fjögurra vikna. Komi til

félagsslita skal bæjarstjórn Garðabæjar hafa umráðarétt með eignum og sjóðum félagsins. Verði sambærilegt félag stofnað síðar innan bæjarfélagsins skulu eignirnar renna til þess.